



Mikilvægt að mynda tengsl

Alþjóðleg píanókeppni fer fram í Salnum í Kópavogi 14.-16. ágúst næstkomandi og munu þá börn og ungmenni frá tíu löndum stíga á svið og leika listir sínar. Píanistarnir dr. Nína Margrét Grímsdóttir og Peter Máté segja frá keppninni.

Helga Kjaran Birgisdóttir helgakk@mbl.is

Alþjóðleg píanókeppni var haldin í fyrsta skipti hér á landi í fyrra í samstarfi við Listaháskóla Íslands og menningar svið Kópavogsbæjar. Keppnin verður haldin í annað skipti í komandi viku en í ár munu fjórtán ungir píanóleikarar stíga á svið. Flestir koma að utan en einnig eru íslensk ungmenni meðal keppenda. Keppnin er á vegum World Piano Teachers Association Ísland en píanóleikarinn og kennarinn Nína Margrét Grímsdóttir fékk boð frá dr. Dorian Leljac, prófessor við Royal College of Music og stofnanda alheimssamtaka píanókennara WPTA International, um að verða forseti og stofnandi deildar WPTA

á Íslandi. Hún stofnaði samtökin í janúar 2025 og er forseti þeirra. Samstarfsmaður hennar í Listaháskólanum, Peter Máté, er varaforseti samtakanna og sjá þau ásamt Kjartani Erni Styrkárssyni framkvæmdastjóra um allt utanumhald er varðar keppnina. Nína og Peter stóðu einnig að því að koma Félagi íslenskra píanóleikara á fót árið 2024 með það að markmiði að efla píanóleik og píanókennslu með því að skipuleggja viðburði og verkefni á Íslandi í alþjóðlegu samstarfi.

Nemendur alls staðar að Nína Margrét og Peter eru bæði píanókennarar við Listaháskóla Íslands og hafa kennt í um 40 ár. „Ég er búinn að vera í píanóeildinni hjá

LHÍ frá upphafi og Nína kom hingað eftir að hún flutti aftur heim eftir dvöl í Bandaríkjunum,“ segir Peter. „Píanóeildin við skólann hefur verið frekar stór undanfarin tvö eða þrjú ár en nú erum við fjögur að kenna. Það erum við Nína, Edda Erlendsdóttir og Erna Vala, sem er fyrrverandi nemandi okkar og nú fagstjóri.“

Í tengslum við píanókeppnina hefur nú einnig staðið yfir sumarnámskeið í samvinnu við Opna Listaháskólann, Salinn og Tónlistarskóla Kópavogs þar sem ungum píanóleikurum gefst tækifæri til að taka þátt í meistarnámskeiðum íslenskra og erlendra kennara auk þess að koma fram á tónleikum í Salnum.

„Við höfum haldið þessi námskeið



í sjö ár, alltaf á sumrin, og þá erum við í raun bara að þjófstarta næsta skólaári,“ segir Peter. „Til að byrja með var námskeiðið einungis opið háskólanemum en svo bættum við miðstiginu við svo nú fáum við nemendur úr ýmsum tónlistarskólum á landinu.“ Hann segir að nú þegar Alþjóðlegu píanókeppninni hefur verið komið á fót sé einnig aukin aðsókn frá erlendum nemendum á námskeiðið. „Í ár eru nemendur á námskeiðinu 17,

sem við erum ótrúlega ánægð með. Við skiptumst á að kenna og svo erum við með hóptíma svo að nemendurnir geti kynnst og vonandi orðið vinir. Við viljum að þeir læri hver af öðrum og hlusti hver á annan,“ segir Peter. „Svo eru nemendatónleikar fyrir þátttakendur og þá fá þeir tækifæri til að flytja verkin sem þeir eru búnir að vera að stúðera,“ bætir Nína við. „Tónleikarnir fara fram í Salnum sem er fullkomin aðstaða fyrir píanóleik. Það verður eins og uppskeruhátíð. Okkur finnst það skipta máli að hafa smá skörun á milli námskeiðsins og keppinnar svo að þeir sem taka þátt í námskeiðinu en ekki keppninni geti líka komið fram og fengið viðurkennningar.“

Skapa jafningjaumhverfi Píanókeppnin fer fram 14. og 15. ágúst þar sem keppt verður í þremur aldersflokkum en sunnudaginn 16. ágúst fer fram svokölluð lokahátíð þar sem þátttakendur námskeiðsins og keppinnar fá verðlaun og viðurkennningar. Þátttakendurnir í keppninni eru á aldrinum 9-22 ára en námskeiðið er fyrir alla aldershópa. Nína Margrét segir að það sé mikilvægt að nemendur hittist og

myndi tengsl en píanóleikur og píanónám krefjist ansi mikillar einveru. „Fiðlunemendur og blásarar taka oft þátt í hljómsveitum og slíku en það vantar oft eitthvað svoleiðis í þessu námi. Okkur fannst þörf á að skapa þetta jafningjaumhverfi enda eru framúrskarandi nemendur ekki endilega stór hópur í hverjum tónlistarskóla,“ segir Nína.

Peter tekur fram að Kópavogsbær hafi gert ótrúlega mikið til að styðja við keppnina og námskeiðahaldið. Þau hafi fengið styrk þaðan og afnot af Tónlistarskóla Kópavogs og Salnum. „Menn-ingarráð Kópavogs er að styrkja okkur

annað árið í röð en það er ekki hægt að fara út í svona verkefni án stuðnings. Aðgangur er ókeypis á alla viðburði, bæði á alla tónleika námskeiðsins, dómaratónleikana og keppnina en í fyrra var mjög góð aðsókn. Við fundum þá að fólk úr nærumhverfinu og annað fólk sem hefur áhuga á píanóleik er með okkur í þessu,“ segir Nína.

Hún segir að Tónastöðin og Steinway & Sons séu einnig mikilvægir samstarfsaðilar en flygillinn í Salnum í Kópavogi sé Steinway-flygill. Þeir styrki keppnina með veglegu verðlaunafé. „Það skiptir rosalega miklu máli. Við Peter höfum verið að kenna í um 40 ár og við fáum alveg gríðarlega efnilega nemendur. Tækifærin fyrir þessa efnilegu nemendur hafa verið að miklu leyti erlendis en það kostar náttúrulega að fara með nemendur út og þá er það oft háð fjárhag fjölskyldunnar hvort nemendur geti gripið tækifærin. Þess vegna fannst okkur mjög mikilvægt að það væri verðlaunafé svo að unga fólkid sem er að koma hingað hafi möguleika á umbun, þó að verðmætin sem það fær felist



TRI

TRI VERSLUN

ÚTSALA

Allt að 70% afsláttur

TRI

Suðurlandsbraut 32 • 108 Reykjavík • Sími 571 8111 • www.tri.is
Opnunartími: Mán.-fös. 9:00-17:00 / Lau. 11:00-15:00 / Sun. Lokað



Peter Máté og Nína Margrét Grímsdóttir standa fyrir sumarnámskeiði í píanóleik og alþjóðlegri píanókeppni fyrir ungmennti.

Morgunblaðið/Anton Brink



Píanónemendur taka við viðurkenningskírteinum.

fyrst og fremst í einhverju sem ekki er hægt að meta til fjár.“

Alþjóðasamstarf

Öll vinna í sambandi við WPTA er sjálfböðavinna enn sem komið er, þar á meðal við Alþjóðlegu píanókeppnina. Nína Margrét segir frá því að þau Peter hafi stofnað Félag íslenskra píanóleikara árið 2024 ásamt fyrrnefndri Ernu Völu og Peter sé formaður þess. „WPTA Ísland kom síðan í eðlilegu framhaldi af því og okkur langaði að halda alþjóðlega viðburði,“ segir Nína. „Mér var boðið að stofna íslenska félagið af WPTA en það eru félög úti um allan heim og þetta er mjög stórt net. Okkur fannst þá liggja beint við að þetta væri erlendi hlutinn af Félagi íslenskra píanóleikara sem er nú þegar búið að standa fyrir frábærum viðburðum, eins og Hátíð íslenskrar píanótónlistar í Salnum árið 2024, sem mun aftur verða á næsta ári. Við erum með þessu að reyna að rækta garðinn og búa til þennan vettvang fyrir píanóleik og efnilega unga píanista sem okkur finnst hafa vantað hér á landi.“

Nína nefnir að Alþjóðlega píanókeppnin á Íslandi sé hluti af Alink-Argerich Foundation sem

sé eins og vottunarfyrirtæki fyrir alþjóðlegar keppnir í tónlist. Í stjórnsamtakanna sitji þekktir píanóleikarar, eins og Vladimir Ashkenazy og fyrrverandi kennari hennar í doktorsnáminu, Agustín Anievas, en það skipti miklu máli að það séu ákveðnir gæðastaðlar sem þurfi að fara eftir þegar svona keppni er haldin. „Þegar fólk sækir um að taka þátt í keppninni getur það verið visst um að það sé ákveðinn staðall. Við erum með fullkomna aðstöðu, fullkomið konserthljóðfæri og dómnefnd skipaða fagaðilum.“

Nína segir frá því að hún hafi farið á ráðstefnu hjá Alink-Argerich Foundation í júní í Porto og þar komi saman þeir sem halda aðalkeppnirnar í tónlist í öllum heiminum, eins og Rubinstein og Van Cliburn. Þar hafi til dæmis verið pallborðsumræður um atriði sem snúa að því að sjá um og skipuleggja svona keppni. „Ef maður er í þessu fagi er mjög mikilvægt að hafa eitthvert stuðningsnet. Við byrjuðum með þetta í fyrra og erum náttúrulega enn að læra svo að það er mikilvægt fyrir okkur að geta borið það sem við erum að gera saman við þá sem eru kannski með 20, 30 eða 40 ára reynslu af því að halda svona keppnir.“



Ásgerður Sara Hálfðánardóttir, sigurvegari í flokki 15-19 ára í keppninni í fyrra.

Ótrúlegt tækifæri

Í ár er dómnefndin skipuð sjö dómurum en þeir voru fimm í fyrra. „Í ár fengum við tvo prófessora að utan, Martin Lysholm Jepsen frá Danmörku og Vsevolod Dvorkine frá Ítalíu. Og svo þá Liam Kaplan og Mathias Halvorsen sem eru erlendir píanistar búsettir á Íslandi,“ segir Peter. Auk þeirra fjögurra munu Nína og Peter sitja í dómnefndinni ásamt Eddu Erlendsdóttur.

„Dómur í tónlistarkeppnum er alltaf súbjektífur, það er alltaf persónulegt hvað mér finnst betra en öðrum. Þess vegna er mikilvægt að hafa margar raddir til að velja hver sé bestur hverju sinni,“ segir Peter. „Það hafa sumir verið á móti svona tónlistarkeppnum vegna þess að það er ekki hægt að dæma „fullkomlega“ eða objektíft. Aftur á móti er þetta ótrúlegt tækifæri fyrir ungt fólk til að prófa sig áfram, fá reynslu og gera sitt besta á ákveðnum tímapunkti. Ef ég ber þetta saman við íþróttir þá er ekki hægt að vinna Ólympíuleikana án þess að taka þátt í mörgum keppnum þar á undan.“

Nína segir að það sé mikilvægt að allt ferlið sé gegnsætt, stigagjöfin og dómaraferlið. „Þegar þú stígur á svið ertu svolítið að berskjalda þig.

Við viljum skapa öruggt rými fyrir fólk til þess að gera það og viljum að allt sé sanngjarnt og réttlátt. Til að mynda eru vinnureglur dómnefndar strangar, ekkert samráð leyft milli dómara og ef tengsl eru á milli keppanda og dómara má sá dómari ekki dæma viðkomandi keppanda.“

Þau leggja áherslu á að það sé mikilvægt fyrir ungt fólk að mynda tengsl við aðra sem eru á sama stað. „Við Peter höfum í gegnum árin farið til útlanda með nemendum til að keppa og höfum séð krakka mynda tengsl við aðra. Núna er til dæmis keppandi í einum aldursflokknum sem kynntist íslenskum keppanda erlendis og gistir núna hjá honum á meðan hann er hér. Það er svo mikilvægt fyrir krakka á þessum aldri að fara út og kynnast því sem aðrir eru að gera og koma hingað og sjá hvað við erum að gera hér, þetta er svona „collective learning“ og það er það sem þetta verkefni snýst um í grunninn,“ segir Nína. Hún segir að það hafi vantað eitthvert svona verkefni fyrir þá sem eru framúrskarandi í píanóleik. Námskeið og keppnir séu hvatning fyrir þá sem eru framúrskarandi og vilja helga sig píanóleiknum.

Samtökin leita að bakhjörlum og stuðningsaðilum sem hefðu áhuga á að leggja þeim lið við að byggja þetta upp en eins og áður segir er þetta fyrst og fremst sjálfböðavinna. Stuðningur sé ekki einungis fölginn í peningastyrk heldur sé margt fleira sem myndi hjálpa. „Þegar krakkar koma hingað til að taka þátt þurfa þeir að gista einhvers staðar. Það er ótrúlega dýrt að vera á hóteli á Íslandi svo ef fjölskyldur bjóða gistipláss munar það miklu. Það er ótrúlega margt sem þarf að hugsa um í kringum þetta en allt hjálpar, meira að segja bara það að panta pítu fyrir krakkana,“ segir Peter.

Þau segja keppnina hafa gengið frábærlega á síðasta ári og það standi til að halda hana árlega. „Við vorum alveg ofbóðslega kát með þetta en við vissum að einhverju leyti ekkert hvað við værum að fara út í en allt gekk mjög vel,“ segir Nína. „Okkur finnst mikilvægt fyrir unga píanóleikara á Íslandi að það sé ákveðin víska, að þeir viti að árlega verði haldin sumarnámskeið og keppnir þar sem jafnaldrar hittast og vinna að sameiginlegum markmiðum í píanóleik undir leiðsögn reynslumikilla kennara og listamanna.“

RÉTTU TÆKIN
VARÐVEITA GÆÐIN

Með vandaðri vakúmpökkun varðveitast gæði og geymslupól eykst. Hjá PMT finnur þú vakúmpökkunarvélar fyrir heimili og atvinnurekstur ásamt fjölbreyttu úrvali vakúmpoka.

Réttu tækin skipta öllu máli.



Allt til merkinga og pökkunar // S. 567 8888 - sala@pmt.is - www.pmt.is